

GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Grundarfirði.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði, sbr. 10. gr. samþykktar nr. 368/2006 skal vera 4.000 kr.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. mars ár hvert, en eindagi er 30. mars ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, merkisgjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar þann 8. desember 2011 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um kattahald í Grundarfjarðarbæ nr. 368/2006 og öðlast gildi 1. janúar 2012. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1019/2010.

Grundarfirði, 9. desember 2011.

Sigurlaug R. Sævarsdóttir skrifstofustjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2011